

Sent umhverfísráðuneytinu

Reykjavík 10. nóvember 2003
2003110007/016-3
SB/hj

Rannsóknarleyfi á vatnasvæði í Grábrókarhrauni

Vísað er til bréfs Umhverfísráðuneytis dags. 22. október sl. þar sem farið er fram á umsögn stofnunarinnar um rannsóknarleyfi á vatnasvæði í Grábrókarhrauni.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við áætlun Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknir á vatnasvæði í Grábrókarhrauni eða einstaka þætti rannsóknáætlunarinnar.

Svæðið sem um ræðir er á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun Íslands vill því ítreka það sem fram kemur í umsókninni að ef af vatnsveituframkvæmdum verður á þessu svæði þá fari verkefnið í mat á umhverfisáhrifum. Slíkar framkvæmdir þurfa einnig að skoðast í tengslum við aðra fyrirhugaða landnýtingu á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

